




Borgarstjórnin í Reykjavík

 Reykjavíkurborg Skiptulagsfulltrúi	
Mótt. 13. FEB. 2019	
sign	
Skjulanr.	Ábmr.

Reykjavík, 7. febrúar 2019
R19010395
6631
HBL/dmh

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Skógarhlíð 12 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 7. febrúar 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. janúar 2019, sbr. synjun skipulags- og samgönguráðs frá 23. janúar 2019 á breytingu að deiliskipulagi vegna lóðar nr. 12 við Skógarhlíð, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð staðfesti synjun skipulags- og samgönguráðs. Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Vinstri grænna og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fjöldi bílastæða við Skógarhlíð 8 er í samræmi við aðrar sambærilegar byggingar á sama svæði. Það samræmist ekki markmiðum aðalskipulags Reykjavíkur að fjölga þeim. Húsnæðið er vel staðsett með tilliti til almenningsgangna og annarra virkra ferðamáta og ljóst að samgöngustefna fyrirtækja, yfirbyggð hjólastæði og fleiri grænar aðgerðir skipta sköpum til minnka þörf á fleiri bílastæðum.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Lóðin er stór og ætti að geta annað bílastæðum vel. Ljóst er að eitthvað skortir upp á samtal milli borgarinnar og húseigenda. Aðgangstýring og samgöngustefna gætu verið hluti af lausninni.


Helga Björk Laxdal
e.u.